

Fréttir af starfi Félags hrossabænda



3 tölublað október 2018

Ágætu félagar í þessu fréttabréfi verður rífuð upp nokkur atrið sem hafa verð á döfinni hjá félaginu og það helsta sem stjórn hefur fengist við á árinu.

Að vanda hefur verið heilmikið að gerast í hestamenskunni og þar hæst landsmótið í sumar sem tókst að okkar mati ákaflega vel á glæsilegu svæði og afar ánægjulegt að samstarf skyldi takast með nágranna hestamannafélögunum um að Sprettur héldi Íslandsmótið á nýuppbyggðu svæði Fáksmanna. Þessi samvinna er til fyrirmyndar og ættum við hestafólk að leitast við að starfa meira saman í félags- og fræðslumálum sem og í mótahaldinu en það skilar okkur lengra og verkefnið verða ánægjulegri.

Fundarferð stjórnar.

Í upphafi árs fór stjórn og starfsmaður félagsins til fundar við félagsmenn en alls voru haldnir 5. fundir. Fyrsti fundur var haldinn í Eyjafirði og svo koll af kolli, Skagafirði, Húnavatnssýslu, Borgarfirði og Suðurlandi. Stjórnin kom því ekki við að halda fundi á Héraði og Hornafirði að þessu sinni. Tilgangur fundanna var að skerpa á tengingunni við félagsmenn og reyna að fá yngra fólk inn á fundina, sem hefur lagt hestamensku fyrir sig sem atvinnu. Það er mjög mikilvægt að stjórnarmenn geti átt skoðanaskipti við grasrótina. Yfirleitt skapaðist góð umræða á fundunum enda var lagt sérstaklega uppúr því að fundirnir væru ekki of formlegir og að sem flestir tækju þátt í umræðunum.



Á fundnum var kynbótastarfið rætt og þá hvort við værum á réttri leið með áherslur og markmið í dómastarfinu. Það eru og verða líklega ávalt skiptar skoðanir um kynbótastarfið og dómaáherslur en okkur fannst samt vera nokkuð góð sátt um starfið síðustu misseri enda hafa áherslur breyst í dómum t.d hvað varðar kröfur um hraða á gangtegundum, þjálfni og líkamsbeitingu. Það er í gangi vinna við dómaleiðara og ræktunarmarkmið sem stefnt er að því að ljúka á næsta ári og innleiða árið 2020.

Á fundunum var einnig rætt um sumarexemið og áhrif þess en greinilegt er að exemið hefur mikil áhrif þó að það sé svæðabundið eftir héruðum og löndum. Það verður mikill sigur í höfn þegar tekst að meðhöndla hrossin við þessu mikla áreiti. Eins og greint hefur verið frá og við sögðum á fundunum þá er áætlun í gangi varðandi loka áfanga (samanburðarrannsókn) í þeirri löngu vegferð við að finna lyf og meðferðarúrræði sem læknað geta hrossin af sumarexemi. Það er því bjargföst trú okkar að meðferðarúrræði verði til staðar innan þriggja til fjögurra ára og íslensk fæddir hestar sem fluttir eru erlendis verði jafnsettir og íslenskir hestar fæddir erlendis hvað sumarexemið varðar.

Á fundunum var kynnt sú vinna sem er í gangi varðandi upptöku á kynbótasýningum en stjórn var falið á s.l aðalfundi að kanna möguleika á þeirri innleiðingu. Góð umræða var á öllum fundunum um þessa auknu upplýsingaöflun og þjónustu. Formaður og ábyrðarmaður hrossaræktarsviðs hafa fundað um málið með forsvarsmönnum RML og WF og mun stjórn verða með upplýsingar á komandi aðalfundi um hver staðan er.

Fundargerðir sendar á formenn.

Stjórn félagsins mun framvegis senda á formenn aðildarfélaga fundargerðir stjórnar sem og fundargerðir fagráðs í hrossarækt, og þannig auka samstarf og upplýsingar við aðildarfélögin.

Félagið stendur fyrir sölusýningum.

Félagið ætlar að standa fyrir 2. Sýningum, í Spretti Kópavogi 26.október og í Svaðastaðahöllinni á Sauðárkróki 2.nóvember. Sýningarnar hafa verið auglýstar og frekari upplýsingar er að finna t.a.m á heimasíðu félagsins www.fhb.is

Öllum er vissulega velkomið að taka þátt í sýningunni og er gjaldið fyrir hvert skráð hross 5.000 kr en fyrir hross í eigu félagsmanna er gjaldið 3.000 kr.

Vonum við að ræktendur sjái tækifæri í þessum sýningum en þekkt er að þúsundir fylgist með sýningunum í gegnum netið en streyma á sýningunum í góðum gæðum.

Upptökur af hrossunum verða að lokinni sýningu aðgengilegar þannig að áhugasamir geta skoðað aftur og aftur að sýningu lokinni.

Aðalfundur félagsins verður haldinn í reiðhöll Sprettis 26. október og hefst kl 10:00

Dagskrá með fyrirvara um breytingar :

Auk venjulegra aðalfundastarfa verður kynnt staða á markaðsverkefninu Horses of Iceland og einnig mun verða fjallað um næstu skref í sumarexsemsverkefninu og mun stjórn leggja fram ályktun til stuðnings verkefninu undir fundinn.

Efnt verður til hringborðsumræðu um stöðu hestamenskunnar og mun Víkingur Gunnarsson koma með innlegg í þá umræðu.

Á fundinum þarf að ræða næstu skref varðandi upptöku á kynbótasýningum og eins þarf að ræða m.ö innleiðingu á gjaldtöku á sláturafurðum.

Kjósa á um sæti tveggja stjórnarmanna þeirra Magnúsar Jósefssonar og Eysteins Leifssonar en Magnús gefur ekki kost á sér áfram.

Að gefnu tilefni þá eru félagsmenn velkomnir á fundinn þó þeir séu ekki tilnefndir af sínum samtökum.

Minum á Ráðstefnu fagráðs í reiðhöll Sprettis kl. 13:00 27. október og Uppskeruhátíð hestamanna að kveldi sama dags.

Minum hrossabændur á rétt sinn til Jarðræktarstyrkja, landgreiðslna og þá sem eru að hefja búskap á Nýliðunarstuðning í landbúnaði. Allar frekari upplýsingar er að fá hjá Matvælastofnun, www.mast.is

Hvetjum félagsmenn til að nýta sér starf félagsins og leita upplýsinga og ráða.

Með góðri kveðju

f.h stjórnar

Sveinn Steinarsson, formaður og Hallveig Fróðadóttir starfsmaður félagsins.

Heimasíða: www.fhb.is

Sveinn Steinarsson, formaður, s: 892-1661, netfang: sveinnst@fhb.is

Hallveig Fróðadóttir, s: 563-0300, netfang: fhb@fhb.is

